

Allar skattskyldar tekjur eru notaðar við útreikning á lífeyri og tengdum bótum.

Undantekningar eru þó lífeyrir og tengdar bætur frá Tryggingastofnun, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og úttekt á séreignarlífeyrissparnaði.

Aðeins þeir sem fá greiddan lífeyri geta fengið greidda heimilissuppbót og aðrar uppbætur.

Búseta erlendis getur lækkað greiðslur lífeyris og tengdra bóta.

Auðvelt er að setja forsendur inn í **reiknivél lífeyris á tr.is** til að skoða áhrif tekna á greiðslur.

Mælt er fyrir um tekjutengingar lífeyris í lögum um almannatryggingar nr. 100/2007 og lögum um félagslega aðstoð nr. 99/2007.

Hvað má hafa í tekjur án þess að það hafi áhrif á útreikning?

Frítekjumark á ellilífeyri er 25 þús. kr. á mánuði eftir það lækka greiðslur um 45%.

Er þá átt við heildartekjur hvort sem eru atvinnutekjur, lífeyrissjóðstekjur og fjármagnstekjur.

Dæmi: Heildartekjur eru 125.000 kr. á mánuði. Tekjur sem hafa ekki áhrif á ellilífeyri 25.000 kr. dragast frá - eftir standa 100.000 kr. sem lækka um 45% eða 45.000 kr.

Frítekjumark á heimilissuppbót er 25 þús. kr. eftir það lækka greiðslur um 11.9% eða samtals 56,9% (45+11.9%) eftir 25 þús. kr. frítekjumark.

Dæmi: Heildartekjur eru 125.000 kr. á mánuði. Tekjur sem hafa ekki áhrif á ellilífeyri og heimilissuppbót 25.000 kr. dragast frá - eftir standa 100.000 kr. sem lækka um 56,9% eða 56.900 kr.

Þegar búið er að reikna út heildartekjur eru þær notaðar til að ákvarða upphæðir greiðslna sjá töflu.

Helstu upphæðir sem miðað er við við útreikning lífeyris og tengdra bóta

Réttindi	Mán.gr. kr.	Frítekjumörk		Eftir frítekjumark lækka greiðslur um	Greiðslur falla niður	
		ár	mán.		ár	mán.
Ellilífeyrir	228.734	300.000	25.000	45%	6.399.573	533.298
Heimilissuppbót	52.316	300.000	25.000	11.9%	5.575.160	464.597
Annað	kr.	ár	mán.			
Uppbót á lífeyri* - 5 til 140% af lífeyri					2.700.840	225.070
Uppbót v/reksturs bifreiðar	15.839					
Ráðstöfunarfé	68.662	0	0		1.267.606	105.634

Tekjur maka, aðrar en fjármagnstekjur sem eru alltaf sameiginlegar, hafa

Helmingur fjármagnstekna hjóna / sambúðarfólks hefur áhrif á útreikning hjá hvoru fyrir sig.

***Uppbót á lífeyri** getur verið 5 til 140% af lífeyri. Allar tekjur, að meðtöldum skattskyldum tekjum frá TR öðrum en aldurstengdri örorkuuppbót, hafa áhrif á útreikning.

Uppbætur falla niður ef eignir í peningum og/eða verðbréfum fara yfir 4 milljónir hjá einstaklingi en 8 milljónir hjá hjónum.